

9. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 26. október 2015 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:30.

Fundinn sátu: Páll Jóhannsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinson, Kolbrún Haraldsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Þröstur Jónsson, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Stöðuyfirlit á rekstri vatnsveitu og fráveitu.

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókahaldi Hrunamannahrepps um rekstur á vatnsveitu og fráveitu sveitarfélagsins og upplýsingar um áætlun ársins 2015.

2. Tillaga að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2016.

Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2016. Helstu tillögur eru að gjald á íbúðarhús er óbreytt 0,25% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í 33.000 eða um 4,5%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 55.000. Fast vatnsgjald í sumarhús hækkar um 4,5% og verður kr. 33.000. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Notkunargjald hækkar úr kr. 25 á m3 í kr. 26 á m3. Mælaleiga hækkar um 4,5% en heimæðagjöld og stofngjöld hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

3. Tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2016.

Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2016. Fráveitugjald á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati íbúðarhúsnæðis og 0,15% af atvinnuhúsnæði. Hámarksgjald af íbúðarhúsnæði verður óbreytt eða kr. 52.000 en hámarksgjald á atvinnuhúsnæði hækkar úr kr. 185.000 í kr. 194.000 eða um kr. 4,5%. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum hækkar í kr. 7.800 eða um 4,5%. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

4. Fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2016.

Hannibal fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2016. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði af veitunni að fjárhæð um kr. 8.128.000 á árinu 2016. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun.

5. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða 2016.

Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2016. Helstu breytingar eru að gjaldskráin hækkar almennt um 4,5% nema heimæðagjöld hækka ekki. Meiri hluti veitustjórnar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá. Þröstur situr hjá við afgreiðslu málsins.

6. Erindi frá Birni Þór Kristjánssyni.

Hannibal og Jón fóru yfir erindi sem hafði borist frá Birni Þór um kaup á heitu vatni o.fl. fyrir hótélbyggingu. Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra að skoða málið frekar og funda með hlutaðeigandi aðilum.

7. Önnur mál.

Hannibal fór yfir stöðu skattamála hitaveitunnar.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundum slitið kl. 17:50.